

# DANS3BF05

<b>Titill</b>	<b>Bókmenntir og ferðalag</b>
<b>Námsgrein</b>	Danska
<b>Viðfangsefni</b>	Tal, hlustun, ritun, lestur, skipulagning ferðar, myndskreyting
<b>Skammstöfun</b>	DANS3BF05
<b>Staða</b>	
<b>Prep</b>	3
<b>Einingafjöldi</b>	5
<b>Tillaga að bókstöfum/tölustöfum skóla</b>	
<b>Lýsing</b>	<p>Í áfanganum er unnið að skipulagi ferðar til Kaupmannahafnar sem farin verður á önninni. Nemendur halda dagbók í ferðinni og skila að ferðinni lokinni. Farið er í grunnhugtök bókmennta- og myndgreiningar.</p> <p>Lesnar eru u.þ.b. fimm barna- og unglingabækur. Lotunni lýkur með því að nemendur skrifa sína eigin barnabók og myndskreyta hana.</p> <p>Lesin verður ein skáldsaga sem nemendur velja úr bókakosti skólans. Að lestri loknum koma nemendur í munnlegt próf þar sem rætt er um söguna.</p> <p>Kennsla og önnur samskipti fara fram á dönsku.</p> <p><b>Tal:</b> Nemendur greina barnabækurnar á dönsku. Í ferðinni munu þeir spreyta sig á að tala dönsku eins og kostur er. Munnlega prófið í skáldsögunni gerir kröfur um veigamiklar samræður á dönsku.</p> <p><b>Hlustun:</b> Hlustun verður hluti af daglegum samskiptum í tímum og á ferðalaginu.</p> <p><b>Ritun:</b> Nemendur vinna að gerð barnabókar, vinnan er fyrst og fremst skapandi. Nemendur halda ferðadagbók á dönsku sem er bæði myndræn og skrifleg.</p> <p><b>Lestur:</b> Nemendur lesa að minnsta kosti fimm barna- og unglingabækur og eina skáldsögu. Gera má ráð fyrir hagnýtum lestri í tengslum við ferðina.</p>
<b>Forkröfur</b>	DANS3KD05
<b>Þekkingarviðmið</b>	<p><b>Nemandinn skal þekkja og skilja:</b></p> <ul style="list-style-type: none"><li>• orðaforða og málvenjur sem gera honum kleift að tileinka sér sérhæft lesefni.</li><li>• sértækan orðaforða sem hentar viðfangsefninu sem unnið er með hverju sinni.</li><li>• hefðir sem eiga við um talað og ritað mál.</li></ul>

	<ul style="list-style-type: none"> <li>• grunnhugtök í bókmenntagreiningu.</li> <li>• hvernig boðskapur birtist í bókum ætluðum börnum.</li> <li>• grunnhugtök í myndgreiningu í barnabókmenntum.</li> <li>• stílbrögð í mismunandi bókmenntatextum.</li> </ul>
<b>Leikniviðmið</b>	<p><b>Nemandi skal öðlast leikni í að:</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• skilja vel efni sérhæfðra texta á sviði sem hann þekkir.</li> <li>• beita orðasamböndum sem eru einkennandi fyrir bæði skrifað og talað mál.</li> <li>• skilja mál sem talað er við mismunandi aðstæður jafnvel þó svo frásögnin sé ekki sett skipulega fram.</li> <li>• lesa texta sem gera miklar kröfur til lesandans t.d. í uppbyggingu, myndmáli og stílbrögðum.</li> <li>• beita mismunandi lestraráferðum eftir því hvernig gerðar textinn er og hvert markmiðið með lestrinum er.</li> <li>• flytja af öryggi verkefni fyrir framan nemendahóp sem og kennara.</li> <li>• skrifa texta í mismunandi tilgangi með tilheyrandi stílbrögðum og málsniði, t.d. í fræðilegum tilgangi þegar unnið er með túlkun og greiningu og persónulegri þegar samin er barnabók eða ævintýri.</li> </ul>
<b>Hæfniviðmið</b>	<p><b>Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• vinna sjálfstæð, gagnrýnin og nýskapandi verkefni eins og að semja barnabók með tilheyrandi myndskreytingum, ákveðnum boðskap og málnotkun sem hentar ákveðnum aldurshópi.</li> <li>• skilja megininntak erinda um flókin málefni sem hann þekkir ekki til.</li> <li>• tjá tilfinningar og nota hugmyndaflug sitt.</li> <li>• beita stílbrögðum t.d. myndmáli og líkingamáli á skýru og vönduðu máli í ræðu og riti.</li> <li>• flytja vel uppbyggða frásögn eða kynningu fyrir framan hóp nemenda og kennara af sannfæringu og innlifun.</li> <li>• taka þátt í umræðum, færa rök fyrir máli sínu, draga fram aðalatriði, tjá afstöðu og efasemdir og komast að niðurstöðu.</li> <li>• eiga frumkvæði í samræðum og bregðast við óvæntum spurningum.</li> <li>• leysa ýmis mál sem koma upp í samskiptum og vera tilbúinn til málamiðlunar.</li> <li>• útskýra sjónarmið og rekja ólík sjónarmið með og á móti.</li> <li>• bera ábyrgð, vera hvetjandi og sveiganlegur í samvinnu.</li> </ul>
<b>Námsmat</b>	<p>Símat og leiðsagnarmat ásamt jafningjamati sem byggir á verkefnavinnu, virkni og þemavinnu. Matið tekur til allra færniþátta, þ.e. hlustunar, tals, ritunar og lesturs.</p>

<b>Útgáfunúmer</b>	
<b>Skólar</b>	
<b>Fyrirmynd</b>	